



Samstarf Egilsstaðaskóla og leikskólans Tjarnaskógar um farsæla skólabyrjun

Markmiðið með samstarfinu:

- Að auðvelda nemendum tilfærslu milli skólastiga og stuðla að farsælli skólabyrjun við sex ára aldur.
- Að fimm ára nemendur kynnist nemendum, starfsfólki og umhverfi Egilsstaðaskóla, samhliða skólagöngu sinni í Tjarnarskógi og stuðla þannig að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.
- Að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga.
- Að auðga skólastarfið á báðum stigum og efla félagsleg tengsl
- Að nýta sérstöðuna og það umhverfi sem við búum við.

Fimm ára nemendur í Tjarnaskógi heimsækja Egilsstaðaskóla og nemendur Egilsstaðaskóla fara í heimsóknir í leikskólann. Leikskólabörnin kynnst sérstaklega tilvonandi vinabekk sínum, sem er 5. bekkur og nýta sér aðstöðu á leikvelli við Egilsstaðaskóla yfir veturinn. Einnig er leikskólabörnum sérstaklega boðið að koma í skólann ásamt kennurum sínum í þeim tilgangi að kynnst skólaumhverfinu og nýta sér hina góðu aðstöðu í verkgreinastofum skólans og á bókasafninu.

Í september/október fara nemendur 1. bekkjar í heimsókn í leikskólann og sýna 5 ára nemendum, skólatöskuna sína og námsbækur. Í nóvember koma leikskólabörnin í heimsókn í Egilsstaðaskóla og taka skólastjórar skólans á móti hópnum og leiða þau um skólann. Í nóvember í tengslum við dag íslenskra tungu koma leikskólanemendur í heimsókn á bókasafnið og lesa nemendur í 7. bekk stutta bók fyrir nemendur. Í desember er sameiginlegur göngutúr með komandi vinabekk sem er 5. bekkur. Í janúar koma leikskólanemendur í heimsókn á bókasafnið í litlum hópum. Í mars er árshátíð 1.-3. bekkjar og er leikskólabörnum boðið á generalprufu.

Í mars/apríl koma leikskólabörnin í heimsókn í skólann ásamt kennurum sínum og eru hálfan skóladag með nemendum í 1. bekk í ýmsum verkefnum. Í þessum ferðum sínum fá þau tækifæri til þess að kynnst bekkjarstofunni og verkgreinastofunum. Í apríl koma leikskólabörnin í heimsókn til verðandi vinarbekkjar síns sem er 5. bekkur. Heimsóknin getur verið þannig skipulögð að leikskólabörnin og nemendur í 5. bekk hittist í skólanum og spili

saman. Í maí koma leikskólabörnin í heimsókn í skólann ásamt kennurum sínum og eru hálfan saman og fari síðan í útikennslustofuna. Í maí fá leikskólabörnin íþróttatíma undir stjórn íþróttakennara. Yngstu börnin fara ekki í sturtu eftir íþróttatíma en þurfa að skipta um föt í fataklefa.

Í maílok koma leikskólabörnin í Egilsstaðaskóla í hálfan dag og vinna að verkefnum undir stjórn kennara sem verða kennarar í 1. bekk að hausti.

Skilafundur leikskólans til Egilsstaðaskóla vegna nemenda í verðandi 1. bekk er í febrúar eða byrjun mars með leikskólakennara og deildarstjóra sérkennslu, deildarstjóra yngsta stig, deildarstjóra sérkennslu og skólastjóra. Ef ákveðið hefur verið um kennara 1. Bekkjar þá sitja þeir fundinn líka.

Hugmyndir að dagsetningum í vikum fyrir skólaheimsóknir.

22.-26. september	Nemendur í 1. Bekk fara í heimsókn í leikskólann og sýna skólatöskurnar sínar
13.-17. október	Leikskólabörn heimsækja skólann og tekur skólastjóri á móti þeim og sýnir skólann
17.-21. nóvember	Heimsókn á bókasafnið og nemendur í 7. bekk lesa fyrir börnin.
12.-16. janúar	Heimsókn á bókasafnið í litlum hópum með leikskólakennara.
11. febrúar	Generalprufa fyrir árshátíðina
9.-13. mars	Heimsóknir hálfan daginn í bekkjarstofu og verkgreinar. Lítil hópur í einu
23.-27. mars	Heimsóknir hálfan daginn í bekkjarstofu og verkgreinar. Lítil hópur í einu
13.-17. apríl	Heimsókn í íþróttahúsið- lítill hópur
27.- 30. apríl	Heimsókn í íþróttahúsið- lítill hópur
13.- 17. apríl	Skilafundur vegna nýrra nemenda í 1. Bekk
4.-8. eða 18.-22. maí	Leikskólabörn koma í heimsókn og hitta væntanlega kennara sína.